

Alþingi
Erindi nr. P 127/552
komudagur 2.1.2002

Félagsmálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Athugasemdir Félags fasteignasala við frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.


Við er til bréfs dags. 28. nóv. sl., þar sem óskað er umsagnar Félags fasteignasala og jafnframt að þær athugasemdir berist í síðasta lagi 18. des. 2001. Laganefnd fjallaði um frumvarpið á fundi sínum og lýsir ánægju við þá stefnubreytingu sem felst í 1. gr. frumvarpsins.

Engar athugasemdir eru gerðar við 1. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að 2. gr. frumvarpsins verði felld út, þar sem framkvæmd ákvæðisins yrði mjög flókin í framkvæmd, þar sem þeir kaupendur sem réttinn myndu eignast, hafa nú þegar farið aðrar leiðir í sinni fjármögnun, veðsett eignirnar öðrum aðilum, greitt lántöku- og stimpilgjöld af þeim lánum o.fl. o.fl. Auk þess myndu þessir aðilar verða fyrir nýjum lántöku- og stimpilkostnaði, auk allra affalla af húsbrefunum, gróft áætlað 12-15% af lánsfjárhæðinni.

Reykjavík 18. desember 2001

F.h. Laganefndar Félags fasteignasala



Björn Þorri Viktorsson hdl. og lg.fs.